



Okkar mál

*Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellahverfi*

Samstarfsáætlun 2014-2015

Úr aðalnámsskrám leik- og grunnskóla.....	1
Samstarfsáætlun 2014-2015	1
Markmið samstarfs.....	1
Gögn með samstarfsáætlun	2
Áframhaldandi þróun samstarfs.....	4
Fylgiskjöl	5
1. Tímarammi samstarfsáætlunar 2014-2015.....	6-8
2. Eyðublað fyrir skráningu og mat	9-12
a. Einföld skráning.....	9
b. Eftir heimsókn.....	10
c. Mat tengt markmiðum.....	12
3. Upplýsingar frá leikskóla til skóla	13-15
a. Eyðublað með upplýsingum við skólaskil	13
b. Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni barna	15
4. Heimsóknir leikskólabarna og vorskóli.....	16-23
a. Lýsing á smiðjuheimsóknum.....	16
b. Lýsing á heimsókn í frístund.....	17
c. Útskrift leikskólanna Aspar og Holts í Fellaskóla	18
d. Umfjöllun um skipulag vorskóla og glærur frá foreldrakynningu	19

Júní 2014

Verkefnisstjórar í leikskólunum Holti og Ösp,
í Fellaskóla, á skóla- og frístundasviði, á Þjónustumiðstöð
Breiðholts og Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Úr aðalnámskrám leik- og grunnskóla¹

„Tengsl leikskóla og grunnskóla er samstarfsverkefni barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks beggja skólastiga, þar sem barnið, velferð þess, þroski og menntun eru í brennidepli“

„Kennarar á báðum skólastigum þurfa að kynna sér nám og starfsaðferðir hvers annars þannig að börn upplifi samfellu milli leikskóla og grunnskóla. Til þess að tryggja að svo verði þurfa leikskólar og grunnskólar að vinna áætlun sem felur í sér sameiginlegar áherslur beggja skólastiga samkvæmt aðalnámskrá sem og ákvarðanir um verkferla og ábyrgð á framkvæmdinni. Birta skal slíka áætlun í skólanámskrám skóla á báðum skólastigum.“

Samstarfsáætlun 2014-2015

Þessi samstarfsáætlun sem birtist í skólanámskrám leikskólans Holts, leikskólans Aspar og Fellaskóla er hluti af þróunarverkefninu *Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi í Fella hverfi* (www.tungumalatorg.is/okkarmal). Áætlunin var upphaflega unnin á fyrsta starfsári verkefnisins, kom fyrst út í júní 2013 og birtist hér í endurskoðaðri útgáfu.

Að vinnunni og endurskoðun hafa komið verkefnastjórar í leikskólunum Holti og Ösp, í Fella-skóla, á skóla- og frístundasviði, á Þjónustumiðstöð Breiðholts og Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Til ráðgjafar hafa verið deildarstjórar í leikskólunum, kennarar á yngsta stigi í Fella-skóla og þátttakendur í stýrihópi verkefnisins.

Markmið samstarfs

Meginmarkmið þessarar samstarfsáætlunarinnar er:

- Að stuðla að miðlun upplýsinga á milli skólastiga og markvissu samstarfi þar sem heildræn sýn á barnið, menntun þess og velferð er höfð að leiðarljósi.
- Að byggja upp þekkingu á starfsháttum og inntaki skólustarfs og skapa samfellu í námi og kennslu barna á báðum skólastigum.
- Að tryggja vellíðan og öryggi barna við skólaskil og auðvelda þeim og fjölskyldum þeirra þá breytingu sem fylgir því að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla.

Auk ofantalinna markmiða er stefnt að því að vinna að stöðugri endurskoðun samstarfsins með það að markmiði:

- Að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku
- Að tengja nærumhverfið, menningu og daglegt líf við málproska og læsi barna
- Að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi

¹ Af bls. 34 í aðalnámskrá leikskóla 2011 og af bls. 75 í aðalnámskrá grunnskóla 2011.

Gögn með samstarfsáætlun

Með samstarfsáætluninni fylgja ýmis gögn sem eru **tímarammi** fyrir samstarf leik- og grunnskóla skólaárið 2014-2015, **eyðublöð fyrir skráningar og mat** tengd samstarfi skólanna, **form fyrir upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla**, yfirlit yfir heimsóknir leikskólabarna í bæði **smiðjur** og **frístundastarf** Fellaskóla, **lýsing á ferli útskriftar**, umfjöllun um skipulag og kynningar í **vorskóla**. **Söngbók Fellahverfis** er hægt að nálgast á vef Okkar máls verkefnisins² og læsisáætlanir verða aðgengilegar á vefsíðum skólanna síðar á árinu.

Tímarammi

Í tímaramma sem útbúinn hefur verið fyrir næsta skólaár (sjá fskj. á bls. 6-8) má sjá yfirlit þeirra atburða sem tengjast skipulögðu samstarfi leikskólanna og grunnskólans í Fellahverfi. Skipta má samstarfinu í fjóra megin flokka:

- Heimsóknir leikskólabarna milli leikskóla og í grunnskólann
- Heimsóknir grunnskólanemenda í leikskólana
- Samráð starfsmanna leikskóla, grunnskóla, þjónustumiðstöðvar o.fl.
- Upplýsingamiðlun og samstarf við foreldra

Yfirlit yfir helstu markmið, ábyrgð og mat koma jafnframt fram í tímarammanum.

Taka má fram að auk skipulagðs samstarfs í tímaramma næsta skólaárs eru starfsmenn skólanna hvattir til tengslamyndunar með því að hringja, senda tölvupósta sín á milli, nota Facebook hóp verkefnisins og nýta önnur tækifæri sem gefast til samstarfs. Til að mynda hafa leikskólarnir fengið aðgengi að íþróttasal Fellaskóla og bókasafni skólans. Eins hafa skólarnir aðgengi að leikvöllum hvers annars og nægir að láta vita af slíkum heimsóknum þegar komið er á staðinn.

Eyðublöð fyrir skráningar og mat

Í Okkar máls verkefninu er lögð áhersla á að kennarar skrái upplifanir og reynslu sína er tengist samstarfi skólastiganna. Dæmi um tvær útfærslur slíkra skráningarblaða má finna í fylgiskjöllum (sjá bls. 9-12). Eins fylgir með hugmynda- og matsblað sem nýta má til að greina hvaða verkefni í anda markmiða Okkar máls verkefnisins hafa verið unnin á hverjum starfsstað og ræða hvernig styðja má við verkefni sem tengjast markmiðum verkefnisins.

Upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla

Hluti af vinnu við samstarfsáætlun skóla í Fellahverfi skólaárið 2013-2014 fólst í því að greina og útfæra ramma fyrir þær upplýsingar sem fara frá leikskóla til grunnskóla við skólaskil. Útfært var eyðublað þar sem áhersla er lögð á miðla gagnlegum upplýsingum um tungumálakunnáttu, þroskapætti og áhugamál barnsins, samskipti heimila og skóla og fleira (sjá fjsk. á bls. 13-14). Jafnframt var ákveðið að leikskólaútgáfa af gátlista um sjálfsmynd og félagsfærni barna sem unnin var af starfshópi á vegum Leikskóla- og Menntasviðs Reykjavíkur árið 2008

² Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal>

(sjá fjsk. á bls. 15) yrði nýtt til upplýsingamiðlunar. Með framangreindum gögnum geta fylgt niðurstöður úr skimunum eða prófum sem lögð hafa verið fyrir börnin.

Vert er að taka fram að Þjónustumiðstöð Breiðholts (ÞB) heldur skilafund í apríl þar sem lykil-aðilar frá skólanum fá greinargerð vegna aðkomu allra barna sem tengjast ÞB. Að hausti sitja aðilar frá ÞB fund í öllum grunnskólunum þar sem fylgst er með börnum í vinnu í skólanum. Umræður ÞB, skólans og heilsugæslu fylgja í kjölfarið þar sem mörkuð er stefna varðandi börn í áhættu. Bæta má því við að tengiliðir frá ÞB mæta á teymisfundi og sitja samráðs- og nemendarverndarfundi í skólanum.

Heimsóknir milli skóla

Yfir skólaárið fara grunnskólanemendur og leikskólabörnin í nokkrar skipulagðar heimsóknir á milli skóla. Grunnskólanemendur heimsækja leikskólann sinn tvisvar á haustmisseri og leikskólabörnin fara í heimsóknir í smiðjur tengdar myndlist, smíði og saumum (sjá fskj. á bls. 16). Jafnframt koma börnin í sérstaka heimsókn í frístund (sjá fjsk. á bls. 17) og vorskóla. Því til viðbótar má nefna heimsókn á Degi íslenskrar tungu og heimsóknir tengdar afnotum á leikfimisal.

Útskrift leikskóla í skóla

Afrakstur af samstarfi leikskólanna og grunnskólans felst í því að útskriftarathöfn elstu barnanna á leikskólanum fer nú fram í rúmgóðu húsnæði Fellaskóla. Með þessu gefst tækifæri til að tengja skólana, miðla upplýsingum, kynna aðstöðu og starf grunnskólans fyrir foreldrum og börnum. Lýsing á ferli þessarar sameiginlegu útskriftar fylgir með samstarfsáætluninni (sjá fjsk á bls. 18).

Vorskóli

Á vormisseri 2014 var í fyrsta sinn haldinn þriggja daga vorskóli fyrir væntanlega fyrstubeckkinga. Í vorskólanum kynntust nemendur skólastarfinu enn betur, kennurum gafst tækifæri til að hitta verðandi nemendur og haldinn var kynningarfundur fyrir foreldra (sjá fjsk. á bls.19-22).

Söngbók Fellahverfis

Á fundi verkefnastjóra, deildarstjóra í leikskólum og kennara fyrstubeckkinga kom fram sú ósk hjá kennara í Fellaskóla að syngja meira með nemendum sínum í fyrsta bekk. Eins var rætt um að samræma mætti betur undirbúning og val á lögum sem leikskólabörnin syngja á Degi íslenskrar tungu í Fellaskóla. Í þessu samhengi var fjallað um gildi söngs og textavinnu í tengslum við málörvun og fram kom sú hugmynd að útbúa sameiginlega söngbók skólanna þriggja. Frá hverjum starfsstað kom tillaga að lögum í söngbókina sem lögðu grunn að söngbók Fellahverfis. Endurskoðaða útgáfa söngbókarinnar er hægt að nálgast á vef verkefnisins³.

Í heimsókn fyrstubeckkinga í gamla leikskólann sinn í september er söngbókin, sem börnin skildu eftir á leikskólanum, sótt og tækifærið notað til að syngja saman.

³ Sjá: www.tungumalatorg.is/okkarmal/files/2014/07/songbok2014.pdf

Stefnt er að því að útfæra söngbókina einnig á rafrænu formi þannig að foreldrar og börn geti hlustað á upptökur af söng, skoðað textann og sungið saman.

Áframhaldandi þróun samstarfs

Stefnt er að því að meta, endurskoða og þróa samstarfsáætlunina áfram á næstu skólaárum. Í þeirri vinnu verður lögð áhersla á að markmið Okkar máls verkefnisins, er snúast um mál, læsi og menningu, endurspeglar í ríkara mæli í samstarfsáætluninni. Atriði sem athyglinni verður sérstaklega beint að eru: fjölbreyttir kennsluhættir, þróun fjölmenningslegs skóla- og frístundastarfs, stærri þemaverkefni á mörkum skólastiga, vinna með fjölbreytt móðurmál barnanna, þátttaka eldri nemenda í samstarfi, skráningar starfsins, gögn og rannsóknir sem styðja við verkefnið, rafræn útgáfa söngbókar, miðlun upplýsinga á neti, markviss vinna með málörvun og læsi í frístundastarfi, margvísleg bókaverkefni, gerð sameiginlegrar læsisáætlunar Fella hverfis, upplýsingamiðlun til foreldra, virk þátttaka foreldra í samstarfinu, tenging leikskóla- og frístundastarfs og samstarf í hverfinu.

Júní 2014

Verkefnisstjórar í leikskólunum Holti og Ösp, í Fellaskóla, á skóla- og frístundasviði, á Þjónustumiðstöð Breiðholts og Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Fylgiskjöl

1. Tímarammi samstarfsáætlunar 2014-2015
2. Eyðublað fyrir skráningu og mat
 - a. Einföld skráning
 - b. Eftir heimsókn
 - c. Mat tengt markmiðum
3. Upplýsingar frá leikskóla til skóla
 - a. Eyðublað með upplýsingum við skólaskil
 - b. Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni barna
4. Heimsóknir leikskólabarna og vorskóli
 - a. Lýsing á smiðjuheimsóknum
 - b. Lýsing á heimsókn í frístund
 - c. Útskrift leikskólanna Aspar og Holts í Fellaskóla
 - d. Umfjöllun um skipulag vorskóla og glærur frá foreldrakynningu
5. Söngbók Fellahverfis
 - a. Sjá: www.tungumalatorg.is/okkarmal/files/2014/07/songbok2014.pdf

Tímarammi samstarfsáætlunar 2014-2015 (27. júní 2014)

Mánuður	Atburður	Markmið	Ábyrgð - Mat og skráning	Umsjón	Tími
Ágúst	Verkefnastjórar fara yfir tímasetningar og áherslur vetrarins. Starf í sept. undirbúið	Að skipuleggja samstarf vetrarins	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	EHL	Eftir 15. ág.
September	Stýrihópur fer yfir áherslur vetrarins og matskýrslu frá MVS-HÍ	Að fara yfir áherslur vetrarins	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	EHL	2. vika sept
	Fulltrúar í stýrihópi kynna áherslur og starfsemi OM-verkefnisins á sinni starfsstöð	Að auka sýnileika verkefnis og kynna starfsemi vetrarins	Fulltrúar í stýrihópi - Upplýsingar til OM-verkefnastjóra	STÝRIHÓPUR	
	Deildarstjórar og 1. bekkjarkennarar skipuleggja starfið og velja lög fyrir Dag ísl. tungu.	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum og skipuleggja samstarfið.	- Upplýsingum miðlað til OM-verkefnastjóra	EHL	
	Upplýsingatorg ÞB hjá 1. bekk	Að miðla hagnýtu upplýsingaefni um þjónustu borgarinnar og fleira aðila til foreldra.	Fjölmenningarteymi ÞB og kennsluráðgj. - Upplýsingar til OM-verkefnastjóra	EHL, EMILÍA	
	1. bekkur heimsækir leikskólana Börnin sækja söngbókina sína og taka þátt í frjálsum leik. Auka söngbækur til ef vantar.	Að nemendur finni samfellu og öryggi við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans. Að auka vægi söngs í 1. bekk.	Verkefnastjórar á leikskólunum - Myndefni á vef - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	EHL	
	Heimsókn kennara 1. bekkjar í leikskóla	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum og að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans.	Verkefnastjórar OM - Myndir og kynningarefni - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	EHL	Lok sept.
	Alþjóðlegi/Evrópski tungumáladagurinn Nemendur í 8. bekk lesa á ýmsum tungumálum (íslenska + móðurmál) í leikskóla	Að miðla góðum fyrirmyndum til yngir barnanna og styðja við virkt tvítýngi	Verkefnastjórar OM - Myndir og kynningarefni - Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað	EHL	26. sept.
Október	Verkefnastjórar skipuleggja starfið í október	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórar - Fundargerð	EHL	1. vika okt.
	Skimanir og fundir Tove Krog prófið lagt fyrir 1. bekk ÞB fylgist með sínum skjólstæðingum Fundur skóla, heilsugæslu og ÞB.	Að meta stöðu nemenda og bregðast við henni Að fylgjast með þeim nemendum sem ÞB skilaði upplýsingum um í apríl. Að skapa tengsl og móta stefnu stöðu nemenda	Starfsmenn skóla, heilsugælu og ÞB - Tölulegum upplýsingum miðlað inn á fund OM-verkefnastjóra	EHL	
	Breiðholtsbylgjan	Að fræðast og tengjast samfélaginu í Breiðholti	OM-verkefnastjórar	EHL	3. okt
	Heimsóknir milli leikskóla Börnin hittast og syngja saman	Að verðandi skólafélagar kynnist og skapi tengsl	Deildarstjórar HÖ - Myndefni á vef - Deildarstjórar fylla út matsblað	EHL	

Nóvember	Verkefnastjórar skipuleggja starfið í nóvember og undirbúa starfsdag í janúar	Að skipuleggja samstarfið og fræðslu á starfsdegi	OM-verkefnastjórar - <i>Fundargerð</i>		1. vika nóv.	
	Stýrihópur fer yfir áherslur og undirbýr starfsdag. Undirbúningshópur stofnaður	Samráð og upplýsingamiðlun	OM-verkefnastjórar - <i>Fundargerð</i>		2. vika nóv.	
	Deildarstjórar og 1. bekkjarkennarar skipuleggja heimsókn 1. bekkjar. Leikskólinn kynnir <u>bókaverkefni</u>	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið og fræðast saman um efni tengt markmiðum OM-verkefnisins.	OM-verkefnastjórar - <i>Fundargerð</i>			
	1. bekkur heimsækir leikskólana Unnið með einingakubba	Að nemendur finni samfellu við skólaskiptin. Að kennarar 1. bekkjar kynnist starfi leikskólans.	Verkefnastjórar á leikskólunum - <i>Myndefni á vef</i> - <i>Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað</i>			
	Dagur íslenskrar tungu Leikskólabörn af báðum leikskólum syngja saman í athöfn í Fellaskóla	Að leikskólabörninn kynnist grunnskólanum betur.	Stjórnendur og deildarstjórar - <i>Myndir á heimasíðu</i> - <i>Umræða verkefnastjóra</i>			
Desember	Verkefnastjórar skipuleggja starfið í desember og undirbúa starfsdag í janúar	Að skipuleggja samstarfið og fræðslu á starfsdegi	OM-verkefnastjórar - <i>Fundargerð</i>		1. vika des.	
	Undirbúningshópur undirbýr starfsdag	Að skipuleggja fræðslu á starfsdegi	Undirbúningshópur - <i>Dagskrá starfsdags</i>		2. vika des.	
	Helgileikur Leikskólabörn horfa á forsýningu á helgileik í skóla	Að leikskólabörninn kynnist grunnskólanum enn betur og finni til öryggis þar.	Verkefnastjórar HÖF - <i>Myndir á heimasíðu</i> - <i>Umræða verkefnastjóra</i>			
Janúar	Stór sameiginlegur starfsdagur	Að styrkja tengslin og fræðast saman um efni tengt markmiðum OM-verkefnisins.	Undirbúningshópur		5. janúar	
	Verkefnisstjórar fara yfir skipulag vormisseris og undirbúa starfið í jan. og feb	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórar - <i>Fundargerð</i>		2. vika jan.	
	Stýrihópur metur starfið og fer yfir áherslur vormisseris	Samráð og upplýsingamiðlun	OM-verkefnastj. og ranns.hópur MVS-HÍ - <i>Fundargerð</i>		2. vika jan.	
	Leikskólabörn koma í smiðjur	Að kynnast húsnaði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörninn finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF - <i>Myndum miðlað á heimasíðu HÖF</i> - <i>Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað</i>			
Febrúar	Bréf um skráningu í skóla og frístund berst foreldrum. Ef við á senda leikskólastjórar þýðingu á bréfinu bréfi (sem til er á 10 tungumálum) til foreldra	Að kynna grunnskólastarfið og tryggja skráningu.	SFS og leikskólastjórar - <i>Upplýsingar til OM-verkefnastjóra</i>			
	Fundur skólastjórnenda um skóladagatal	Að tryggja sameiginlega starfsdaga í hverfinu á næsta skólaári.	Skólastjórnendur - <i>Uppl. til OM-stýrihóps og verkefnastjóra</i>			
	Deildarstjórar og 1. bekkjarkennarar skipuleggja <u>sameiginlegt þemaverkefni</u>	Að styrkja tengslin, miðla upplýsingum, ræða samstarfið	OM-verkefnastjórar - <i>Fundargerð</i>			

Mars	Verkefnastjórar fara yfir skipulag starfsins í mars	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórar - Fundargerð		1. vika mars	
	Stýrihópsfundur	Samráð og upplýsingamiðlun	OM-verkefnastjórar - Fundargerð		2. vika mars	
	Leikskólabörn heimsækja frístund	Að kynna húsnæði grunnskólans og starfsemi. Að leikskólabörnin finni öryggi við skólaskiptin. Að kennarar leikskóla kynnist grunnskólastarfinu.	Verkefnastjórar HÖF - <i>Myndum miðlað á heimasíðum HÖF</i> - <i>Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað</i>			
Apríl	Verkefnastjórar fara yfir skipulag starfsins í apríl	Að skipuleggja samstarfið	OM-verkefnastjórar - Fundargerð		1. vika apríl	
	Skilafundur ÞB Upplýsingum um skjólstæðinga sem byrja í 1. bekk miðlað til grunnskólans	Að lykilaðilar frá grunnskólunum fái greinargerð vegna allra barna sem tengjast ÞB.	Starfsmenn ÞB og deildarstjóri F, sérkennari og þroskaþjálfari - <i>Tölulegar uppl. til OM-verkefnastjóra</i>			
Mái	Verkefnastjórar endurskoða samstarfsáætlun og undirbúa vorskóla	Að skipuleggja samstarfið með áherslu á <u>valið efni</u>	OM-verkefnastjórar - Fundargerð		1. vika maí	
	Stýrihópur metur starfið og leggur línur fyrir næsta skólaár	Samráð, upplýsingamiðlun og mat	OM-verkefnastjórar - Fundargerð		2. vika maí	
	Leikskólarnir skila gögnum til grunnskólans með umræðum og skráningum á pappír	Að efla upplýsingaflæði milli skólastiga og undirbúa komu leikskólabarna í grunnskólann.	Deildarstjórar á leikskólum, deildarstjóri F, sérkennari og þroskaþjálfari			
	Útskrift leikskólabarna í hátíðarsal Fellaskóla og kynning á skóla	Að skapa samfellu milli leik- og grunnskólans. Að miðla upplýsingum til foreldra um skólastarfið og auðvelda þeim og börnunum skólaskilin.	Skólastj., deildarstj. og verkefnastj. HÖF - <i>Myndir og kynningarefni</i> - <i>Rýni á fundi OM-verkefnastjóra</i>			
	3 daga vorskóli og kynning fyrir foreldra Börnum utan hverfis og foreldrum boðið í heimsóknina	Að börnin kynnist fjölbreyttu starfi skólans og finni til öryggis við skólaskiptin. Að verðandi kennarar 1. b. kynnist nem. og þeir hver öðrum.	Verkefnastjórar HÖF - <i>Kennarar og deildarstj. fylla út matsblað</i> - <i>Myndir á vef og rýni á fundi OM-vstj.</i>			
Júní	Fundur verkefnastjóra OM um mat á samstarfi	Að meta samstarfið á árinu, horfa til framtíðar og senda út rafrænar kannanir til þátttakenda	OM-verkefnastjórar - <i>Í OM-skýrslu skólaársins</i>		1. vika júní	
	Matsþætti sinnt með rýnihópum	Að meta verkefnið	OM-verkefnastj. og ranns.hópur MVS-HÍ			
	Lokaskýrsla og áætlun kynnt fyrir stýrihópi	Samráð og upplýsingamiðlun	OM-verkefnastjórar		2. vika	

Litir í töflu:

Ljósblár	Heimsóknir nemenda í leikskóla
Appelsínugulur	Heimsóknir barna í skóla/leikskóla
Grænn	Samráð starfsmanna
Fjólublár	Foreldratenging
Grár	Tengt þjónustumiðstöð

Skammstafanir í texta :

HÖF	Holt, Ösp og Fellaskóli
ÞB	Þjónustumiðstöð Breiðholts
OM	Okkar mál
SFS	Skóla- og frístundasvið

Vel gert / Hrós



Vangaveltur



Hugmyndir



Hvað:

Hvenær:

Hver:



Okkar mál

Hugmynd frá Bertu Faber í Alþjóðskólanum byggð á vinnu Stephen G. Barkley



Okkar mál

*Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellahverfi*

Hvað var ég að skoða í dag?

LÝSA HVAÐ VAR AÐ GERAST Í HEIMSÓKN

Hvert var hlutverk kennara?

Hvað voru nemendur/leikskólabörn að gera?

Hvernig var lærdómsumhverfið?

LÝSA UPPSETNINGU KENNSLUSTOFU/DEILDAR, ANDRÚMSLOFT MILLI KENNARA/LEIKSKÓLAKENNARA OG NEMENDA/BARNA OG MILLI NEMENDA/BARNA

Hvaða efnivið/námsgögn varð að vera að nota?

Hvað telur þú að myndi gagnast á þínum starfsstað?

Af hverju?

Hvernig nýtist þér það sem þú varst að skoða í dag hjá samstarfsaðilanum?

Hvað ert þú að gera núna á þínum starfsstað sem getur undirbúið börnin fyrir þá leik-, kennslu- eða námsaðferð sem þú skoðaðir í dag? Á T.D. VIÐ UNDIRBÚNING LEIKSKÓLA FYRIR GRUNNSKÓLA

Annað sem þú vilt spyrja um, ræða frekar eða segja frá?


TIL DÆMIS HRÓS, VANGAVELTUR OG HUGMYNDIR

Hvað get ég gert til að styðja við _____
á mínum starfsstað / í Okkar máls verkefninu?

Hvaða verkefni í anda markmiða Okkar máls verkefnisins hafa verið unnin í skólanum mínum í vetur?



Skil frá leikskóla til grunnskóla



Nafn:

Kennitala:

Fjölskylduhagir:

Systkini í skólanum:

Samskipti heimila og skóla:

Upprunaland fjölskyldu:

Fæðingarland barns:

Tungumál móður/föður og samskiptamál fjölskyldu:

Barnið byrjaði í íslensku málumhverfi/leikskóla:

Dvalartími að meðaltali:

Styrkleikar (þroskapættir og áhugamál):

Staða í íslensku

Staða í móðurmáli

	Byrjandi	Lengra kominn	Lengst kominn	Veit ekki
Staða í íslensku				
Staða í móðurmáli				

Sjálfhjálp nemenda:

þarf aðstoð við:

Meðfylgjandi gögn

- Niðurstöður HLJÓM prófsins
- Gátlisti um sjálfsmýnd og félagsfærni
- Staða, framfarir, framhald
- EFI-2
- Annað:

Já	Nei

Dagsetning

Tengiliður í leikskóla

Sími í leikskóla:

Gæta skal fullrar þagnarskyldu um persónuupplýsingar sem aflað er um barn í leikskóla og fylgja því í aðra leikskóla eða grunnskóla (sbr. 4 gr. reglugerðar um skil og miðun upplýsinga milli leik- og grunnskóla).



Gátlisti um sjálfsmynd og félagsfærni barna

Nafn barns:

Fæðingardagur:

Vinsamlega sláðu inn viðeigandi tölu fyrir hvern þátt:

3=fyrirleitt 2=stundum 1=sjaldan/aldrei x=veit ekki

	3 ára		4 ára		5/6 ára	
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Samskipti/samvinna						
Samskipti barns við jafnaldra						
Samskipti barns við fullorðna						
Deilir með sér/miðlar málum						
Sýnir tillitssemi/hjálpsemi						
Myndar augnsamband						
Myndar vinatengsl						
Fylgir reglum						
Verður ekki fyrir áreitni						
Átök/stjórnsemi						
Sýnir biðlund						
Fylgir fyrirmælum						
Sjálfsöryggi/sjálfstraust						
Þorir að koma fram fyrir hóp						
Sýnir staðfestu/sjálfstæði						
Setur mörk gagnvart ókunnugum						
Er öruggt í nýjum aðstæðum						
Tekur hrósi						
Sýnir stolt gagnvart eigin getu						
Sýnir þrautseigju						
Þátttaka og frumkvæði						
Tekur þátt í daglegu starfi						
Sýnir frumkvæði						
Tekur þátt í umræðum						
Tilfinningar						
Sýnir samkennd						
Orðar tilfinningar						
Sýnir glaðværð						
Sýnir ótta						
Sýnir hryggð						
Sýnir reiði						
Viðbrögð barns við áminningu						
Leikur						
Skapandi leikur						
Félagslegur leikur						
Innkoma í leik						
Úthald í leik						
Unir sér í útiveru						

Annað:

Gátlistar um sjálfsmynd og félagsfærni barna frá 2008 eru unnir af starfshópi á vegum Leikskóla- og Menntasviðs Reykjavíkur.

Smiðjuheimsókn 5 ára nemenda í Fellaskóla 14. og 21. nóvember

5 ára börn úr leikskólunum Ösp og Holti komu í heimsókn í smiðjur í nóvember.

Myndmenntakennari, smíðakennari og textílkennari buðu nemendum í stofur sínar og fóru með þeim í alls kyns verkefni sem tengdust formum og litum. Áður en komið var í Fellaskóla var börnunum skipt í litla hópa af leikskólakennurum og því rúllaði eftirfarandi skema með þremur hópum:

Fyrstu 30 mín	Myndmennt	Smíði	Saumar
Hópur 1	x		
Hópur 2		x	
Hópur 3			x

Aðrar 30 mín	Myndmennt	Smíði	Saumar
Hópur 1		x	
Hópur 2			x
Hópur 3	x		

Þriðju 30 mín	Myndmennt	Smíði	Saumar
Hópur 1			x
Hópur 2	x		
Hópur 3		x	

Mat á smiðjuheimsóknum fer fram í skólunum þremur og er miðlað á fundi verkefnastjóra í Okkar máls verkefninu.

Heimsókn 5 ára leikskólabarna í frístundastarf í Fellaskóla

8. og 13. maí var verðandi nemendum Fellaskóla boðið að koma í heimsókn í frístund. Leikskólarnir komu í sitthvoru lagi og höfðu leikskólakennarar útbúið myndir af börnunum sem hægt var að festa á svokallaða valtöflu. Holt kom með spil og púsl meðferðis sem ekki hentuðu leikskólanum og gáfu til frístundarinnar. Skipulagið var eftirfarandi:

8. maí – Leikskólinn Holt. Nemendur úr Vinaminni velkomnir

Kl. 9.40 – Leikskólabörnin koma úr íþróttum og fá sér ávaxtahressingu í forstofu Vínafells. Hengt af sér í forstofu og starfsfólki afhendar myndir af leikskólabörnunum til að festa á valtöflu. Valtafla gerð klár, þrír stuðningsfulltrúar/frístundaleiðbeinendur munu vera til staðar og taka sér stöðu á stöðvum. Börnin velja sér stöðvar.

Kl.11.00: Leikskólabörn kvödd.

13. maí – Leikskólinn Ösp. Börn úr Vinaminni velkomnir

Kl. 10.20: Inngangur í Vínafell opnaður (gengið framhjá aðalinngangi, meðfram skólanum og að bílastæði) og tekið á móti börnunum þar. Hengt af sér í forstofu og starfsfólki afhendar myndir af börnum til að festa á valtöflu. Valtafla gerð klár, þrír stuðningsfulltrúar/frístundaleiðbeinendur munu vera til staðar og taka sér stöðu á stöðvum. Leikskólabörnin velja sér stöðvar.

Kl.11.20: Leikskólabörn kvödd.

Mat á heimsókn í frístund fer fram í skólunum þremur og er miðlað á fundi verkefnastjóra í Okkar máls verkefninu.

Útskriftir leikskólana Aspar og Holts í Fellaskóla

- Lýsing á ferli 2013⁵

- Útskrift verður í hátíðarsal skólans. Huga þarf að eftirfarandi:
 - Hljóðkerfi
 - Tölva, skjávarpi og tjald
 - Borð fyrir útskriftargögn
 - Stóla fyrir a.m.k. 50 manns
- Veitingar í matsal skólans (á neðstu hæð)
 - Matsalur verður tilbúinn kl. 13.30 fyrir starfsmenn leikskóla til að undirbúa veisluhöldin.
 - Uppi við aðalinngang verður tilbúinn hjólavagn sem getur ferjað veitingar frá foreldrum og annað niður með lyftu ef þörf er á.
 - Leikskólinn hefur umsjón með því að veitingar verði fluttar niður í matsal og settar á hlaðborðið.
 - Fellaskóli býður upp á kaffi með mjólk niðri í matsal og hefur tilbúnar tómar könnur fyrir drykki.
 - Leikskólinn sér um frágang í matsal að athöfn lokinni.
- Dagskrá
 - Dagskráin hefst á því að 1. bekkingar syngja lag til að bjóða hópinn velkomin í skólann.
 - Kristín skólastýra býður starfsfólk leikskólanna, börnin og fjölskyldur þeirra velkomin. Hún segir frá starfsemi Fellaskóla, kynnir deildarstjóra yngsta stigs og kennara verðandi fyrstubekkinga og afhendir leikskólastjóra orðið.
 - Að þessari kynningu lokinni tekur sjálf útskriftarathöfn leikskólans við með orðum leikskólastjóra, atriðum leikskólabarna og sjálfri útskriftinni sem er í höndum deildarstjóra og leikskólastjóra.
 - Eftir dagskrá í sal er gengið niður í matsal skólans.
- Upplýsingar til foreldra
 - Ester Helga deildarstjóri á yngsta stigi verður til taks á útskriftinni sjálfri og til viðtals í matsalnum ef einhverjir foreldrar vilja grípa tækifærið og spyrja spurninga. Lögð er áhersla á að foreldrar upplifi sig velkomna af starfsfólki skólans og að viðmótið sé vingjarnlegt.

⁵ Myndir frá útskrift í maí 2013 má finna á vef Okkar máls verkefnisins
<http://tungumalatorg.is/okkarmal/2013/05/29/utskrift-leikskola-i-skola>

Vorskóli í maí

Verðandi nemendum Fellaskóla var boðið til vorskóla dagana 26.-28. maí 2014. Vorskóli var auglýstur í gegnum leikskólana sem komu skilaboðum til foreldra. Eitt barn fékk ekki skilaboð þar sem það er ekki í leikskóla. Mikilvægt er að skoða þetta fyrir næsta vetur og finna út hvernig hægt er að ná til allra barna sem skráð eru í grunnskólann.) Í skólanum skipulögðu kennarar kennslustundir og fundað var tvisvar sinnum með deildarstjóra til að fara yfir skipulag. Starfsfólk grunnskólans var látið vita af heimsókninni með eftirfarandi línunum:

„Kæra samstarfsfólk,

Dagana 26.-28. maí fáum við heimsókn frá verðandi 1. bekkjum og munu þeir stunda hér nám við vorskóla. Þeir mæta að morgni, ýmist 8.30-9.00 og kveðja um 10.30/11. Ég hvet ykkur til að taka vel á móti þeim ef þið rekist á þau á göngunum.

Með kveðju, Ester“

Til leikskólana voru send eftirfarandi skilaboð, ásamt viðhengi:

„Kæru leikskólastjórnendur,

Líkt og áður hefur verið auglýst er fyrirhugaður vorskóli í Fellaskóla dagana 26.-28.maí fyrir væntanlega nemendum 1. bekkjar. Við hlökkum mikið til að taka á móti nemendum og vonumst til að sjá sem flesta. Hér fyrir neðan má finna skipulag og óskir til leikskóla um merkingar nemenda:

26. maí kl. 9.00 verður tekið á móti nemendum við 1. bekkjar inngang, inngangar eru þrír og eru þeir merktir hverjum 1.bekk. Búið er að skipta nemendum í þrjá hópa, ekki bekk. Hver hópur hefur sinn lit (gulur, rauður eða grænn) og hver stofa verður merkt með sama lit. **Í viðhengi er að finna hópaskiptingu og biðjum við leikskóla um að koma með nemendum merkta nafni og lit.** Listann sem er að finna í viðhengi er tekinn úr rafrænu reykjavík í dag og vanti einhverja nemendur á þann lista eiga foreldrar eftir að sækja um skólavist.

Nemendur fara aftur á leikskóla eftir íþróttatíma sem er til kl. 10.40

27. maí kl. 8.30 verður tekið á móti nemendum við 1. bekkjar inngang og þeim boðið í morgunmat (hafragraut) í matsal. **Nemendur fara aftur í leikskólann eftir frímínútur sem eru til kl. 10.20.**

28. maí kl. 8.30 verður tekið á móti nemendum við 1. bekkjar inngang og þeim boðið í morgunmat (hafragraut) í matsal. **Foreldrum er boðið á kynningu á sal kl. 8.40-9.00. Vinsamlegast látið vita ef túlka er þörf fyrir foreldra. Nemendur fara aftur í leikskólann eftir frímínútur sem eru til kl. 10.20.** Óskað er eftir því hér með að þessar upplýsingar skili sér til foreldra frá leikskólum.

Ekki er ætlast til þess að nemendur komi með nesti né skrifföng með sér. Ávaxtahressing verður í boði alla dagana frá kl. 9.40-10.00. Hins vegar er leyfilegt að koma með pennaveski með litum, ef búið er að fjárfesta í slíku, og eina skilyrðið er að það sé vel merkt.

Óskað er eftir að starfsfólk leikskóla sé til taks á meðan vorskóla stendur.

Með kærri kveðju og tilhlökkun, Ester Helga

p.s. ekki hika við að hafa samband ef spurningar vakna“.


Stundir verðandi 1. bekkinga voru skipulagðar á eftirfarandi hátt:

Mánudagur	1.HV	1.SA	1.GSÁ	Starfsmaður
9-10.40	Bíður 5 ára nemendur velkomna og sýnir þeim stofuna. Tekur nesti og sundföt og fer í vesti. Gönguferð, nesti úti. Kl. 10 fer sundhópur af stað, íþróttahópur skiptir sér á útisvæði leikskóla. Telja nemendur.	Bíður 5 ára nemendur velkomna og sýnir þeim stofuna. Tekur nesti og sundföt og fer í vesti. Gönguferð, nesti úti. Kl. 10 fer sundhópur af stað, íþróttahópur skiptir sér á útisvæði leikskóla. Telja nemendur	Bíður 5 ára nemendur velkomna og sýnir þeim stofuna. Tekur nesti og sundföt og fer í vesti. Gönguferð, nesti úti. Kl. 10 fer sundhópur af stað, íþróttahópur skiptir sér á útisvæði leikskóla. Telja nemendur	Sara Rós, Magnús, Anna Kristín, Brynjar.
Þriðjudagur				
8.30-9.15	Taka nesti með sér, val í Vínafelli.	Taka nesti með sér, val í Vínafelli.	Taka nesti með sér, val í Vínafelli.	Sara Rós, Magnús, Anna Kristín, Sandra
9.15-9.40	Nesti í matsal	Nesti í matsal	Nesti í matsal	Sara Rós, Magnús, Anna Kristín, Sandra
9.40-10.00	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Stuðningsfulltrúar sjá um hressingu leikskólabarna.
10-10.20	Frímínútur með 5 ára nemendum	Frímínútur með 5 ára nemendum	Frímínútur með 5 ára nemendum	Sara Rós, Magnús, Anna Kristín, Ásdís Lovísa, Sandra, leikskólakennarar
Miðvikudagur				
8.30-9.15	Taka nesti með sér, út að köngulóarvef.	Taka nesti með sér, út að köngulóarvef.	Taka nesti með sér, út að köngulóarvef.	Sara Rós, Magnús, Anna Kristín
9.15-9.40	Nesti í matsal	Nesti í matsal	Nesti í matsal	Sara Rós, Magnús, Anna Kristín
9.40-10.00	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Stuðningsfulltrúar sjá um hressingu leikskólabarna
10-10.20	Frímínútur með 5 ára nemendum	Frímínútur með 5 ára nemendum	Frímínútur með 5 ára nemendum	Sara Rós, Magnús, Anna Kristín, leikskólakennarar

Og skipulag vorskóla var sem hér segir

Verðandi nemendur	26. maí	27. maí	28. maí
9.00	Móttaka í forstofu – kennarar + nemendur + stuðningsfulltrúar	Hafragrautur 8.30-9 Kennarar + Ásdís	Hafragrautur 8.30-9 Kennarar + Ásdís
9.00-9.40	Kennslustund Kennarar + leikskólakennarar + Ester + Hanna + Ólöf S.	Kennslustund Kennarar + leikskólakennarar + Ester + Hanna + Ólöf S.	Kennslustund Kennarar + leikskólakennarar + Ester + Hanna + Ólöf S.
9.40-10.00	Ávaxtahressing og saga - kennarar	Ávaxtahressing og saga – stuðningsfulltrúar	Ávaxtahressing og saga - stuðningsfulltrúar
10.00-10.40	Íþróttir – Dagbjört +Ásdís	Frímínútur 10-10.20 Sandra, Magnús, Sara, Anna Kristín, Ásdís	Frímínútur 10-10.20 Magnús, Sara, Anna Kristín, Ásdís
10.40	Skóla líkur 10.40	Skóla líkur 10.20	Skóla líkur 10.20

Líkt og áður segir var **foreldrakynning á sal** sem var vel sótt, mættir voru um 40 foreldrar. Deildarstjóri fór yfir nokkur praktísk atriði og undirstrikaði mikilvægi foreldrasamstarfs. Hér má sjá glærur frá þeirri kynningu:



HAUSTIÐ 2014

- Skólasetning 22. ágúst. Skólastarf hefst 25. ágúst.
- Verðandi nemendur og foreldrar þeirra eru boðaðir í viðtöl í vikunni 18.-22. ágúst með umsjónarkennara.
- Skólinn opnar kl. 8.00, frír hafragrautur í mötuneyti.
- Kennsla hefst kl. 8.20 og skóla lýkur kl. 15.40.
- Eftir kl. 15.40 er frístundastarf í boði til kl.17.15. Sótt um á rafrænu reykjavík. Gjaldið er hálf gjald verðskrár frístundar. Innifalin er ávaxtahressing.

HAUSTIÐ 2014

- Hægt er að nota frístundakortið til þess að greiða niður frístundastarf frá kl.15.40-17.15.
 - sótt um í gegnum rafræna reykjavík.

Lögð er áhersla á mál og læsi, félagsfærni og gott foreldrasamstarf í 1.bekk.

Lykillinn að góðu samstarfi foreldra og skóla eru góð samskipti. Velliðan barna í fyrsta sæti.

1, 2 OG FELLASKÓLI

- Þróunarverkefni í 1. og 2. bekk.
- Nemendur fá frístundastarf gjaldfrjálst.
- Val á hverjum degi:
 - íþróttasalur
 - bókasafn
 - útisvæði
 - vinafell
 - dans
 - leiklist
 - vísindasmiðjur



Mat á vorskólanum var gert meðal kennara 1. bekkjar og þroskaþjálfra í Fellaskóla, leikskólakennara í Ösp og Holti og á verkefnastjórafundi.